

## L Ö G

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25 27. mars 1987.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Pegar samið er um vexti af peningakröfu, en hundraðshluti þeirra ekki tiltekinn, skulu vextir frá því að til skuldar er stofnað vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og vera á hverjum tíma jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Sé skaðabótakrafa miðuð við verðlag síðar en hið bótaskylda atvik varð ber krafan þó vexti frá þeim tíma.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist eftirfarandi málslíður: Verðbréfafyrirtæki skulu einnig tilkynna Seðlabankanum um breytingar á ávöxtunarkröfum sem gerðar eru fyrir verðbréfasjóði í þeirra umsjá og eignarleigufyrirtækjum skal skylt að upplýsa bankann um almennar breytingar á eignarleigukjörum sem þau bjóða.

4. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn skulu dráttarvextir reiknast af peningakröfu frá og með gjalddaga, ef eigi er greitt á gjalddaga, fram að greiðsludegi.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og röð annarra málsgreina breytist til samræmis við það. Málsgreinin orðast svo:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir nema á annan veg sé sérstaklega mælt í lögum.

5. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný mgr. er verður 2. mgr. og orðast svo:

Sé mál hins vegar höfðað til heimtu peningakröfu sem gjaldféll eftir gildistöku laga þessara og dráttarvaxta er krafist skv. 10. gr. má dæma dráttarvexti frá gjalddaga kröfunnar skv. 9. gr. fram að greiðsludegi enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.

6. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, IV. kafli: **Vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða**, með þremur nýjum greinum svohljóðandi:

a. (17. gr.)

Ákvæði þessa kafla gilda um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem starfa samkvæmt sérstökum lögum.

## b. (18. gr.)

Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna endurlána það fé sem þeir fá til ráðstöfunar með sambærilegum lánskjörum og þeir sæta sjálfir að viðbættum hæfilegum vaxtamun og að teknu tilliti til annarra tekna sjóðanna. Jafnframt skulu þeir gæta þess að gengistryggðar, verðtryggðar og óverðtryggðar eignir og skuldbindingar standist í meginatriðum á.

Viðskiptaráðherra lætur fara fram árlega og oftar, ef þurfa þykir, athugun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða, sbr. ákvæði 1. mgr., og skal þá bera þau saman við samsetningu þess fjármagns sem sjóðirnir hafa yfir að ráða og þau lánskjör sem almennt gilda á lánamarkaði á sambærilegum lánveitingum.

## c. (19. gr.)

Viðskiptaráðherra er heimilt að undangenginni athugun skv. 2. mgr. 18. gr. og að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að setja meginreglur um lánskjör þeirra fjárfestingarlánasjóða sem ákvæði þessa kafla ná til. Stjórnir þeirra sjóða, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur til Seðlabanka Íslands um lánskjör þeirra innan ramma slíkra meginreglna.

Seðlabanki Íslands staðfestir ákvörðun stjórnar fjárfestingarlánasjóðs um lánskjör enda leiði undanfarandi athugun í ljós að hún samræmist meginreglu skv. 1. mgr.

## 7. gr.

Í stað 1. mgr. 17. gr. laganna, er verður 20. gr. þeirra, koma tvær málsgreinar svohljóðandi:

Hver, sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti til þess að áskilja sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma er til skuldar er stofnað, sbr. 8. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Sé brot ítrekað eða sakir miklar varðar brotið varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, skulu gildandi vaxtamörk útlána þau sömu og Seðlabankinn ákveður.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1989.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Sigurðsson.